

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Stóri-Hóll, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. desember 2023 tillögu að deiliskipulagi að Skíðbakka, L163894. Deiliskipulagið nær til 1,85 ha svæðis sem gerir ráð fyrir þremur lóðum fyrir íbúðarhús, gestahús og bílskúr. Hámarksbyggingarmagn er 400 m² og nýtingarhlutfall er 0,1. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bakkafit, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. desember 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Bakkafit, áður Fögruhlíð, lóð, L179457. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit, aðkomu og afmörkun lóðar á 16,3 ha svæði. Heimilt verður að breyta sumarbústað í íbúðarhús eða byggja nýtt, allt að 250 m² að stærð, ásamt 50 m² gestahúsi og stækka núverandi vélageymslu í allt að 400 m². Hámarksæmishæð verður allt að 6,0 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Miðey, spilda 1, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. desember 2023 tillögu að deiliskipulagi fyrir Miðey, spilda 1, L222933. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum. Annars vegar verður heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús, 50 m² gestahús og 200 m² bílskúr á einum byggingarreitnum. Hins vegar verður heimilt að byggja sjö 80 m² gestahús á hinum tveimur byggingarreitunum. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Tjaldhólar, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. desember 2023 breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Tjaldhóla, L164199. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit sem heimilar 250 m² íbúðarhús með eða án bílskúrs. Mænishæð getur verið allt að 7,0 m miðað við gólfkóta. Afmörkun fyrri byggingarreits er minnkaður lítillega. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 30. janúar 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.